

Ed.

574. Frumvarp til laga

[260. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætast eftirtaldir málsgreinar:

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er starfsmönnum er skipa eftirtalin störf óheimilt að gera verkfall:

1. Héraðsdómarar, hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjórar, tollgæslustjórar og fulltrúar saksóknara.
2. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar í ráðuneytum, sendiherrar, starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis, skrifstofustjóri og deildarstjórar á skrifstofu Alþingis og starfsfólk skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins.
4. Starfsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytisins er eigi falla undir 2. tl.
5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.—6. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1.—7. tl.

Rísi mál um hvort maður falli undir ákvæði 1.—7. tl. 1. mgr. skal það mál lagt fyrir Félagsdóm sem sker úr því til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð aðalkjarasamnings milli BSRB og fjármálaráðherra nú í vor var m. a. gert samkomulag um takmarkaðan verkfallsrétt opinberra starfsmanna innan BSRB.

Í samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að félagsmenn BSRB hafi heimild til að gera verkfall, með þeim takmörkunum er þar greinir.

Stór hluti þeirra stöðuheita sem upp eru talin í frumvarpinu eru nú ekki skipuð mönnum sem eru félagar í BSRB eða félögum innan vébanda þess. Upptalning er þó nauðsynleg þar sem allir ríkisstarfsmenn geta orðið félagsmenn í BSRB þótt þeir uppfylli einnig skilyrði til að öðlast inngöngu í félög innan vébanda annarra heildar-samtaka.

Í 5., 6. og 7. tölulið er talað um forstöðumenn stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og aðra er gegna embættum sem verður öldungis til þeirra jafnað. Hins vegar er boðið að skrá skuli gerð um þessa aðila ár hvert og leggja megi ágreining um þessi mál fyrir Félagsdóm. Hér myndi vera um frekar fámennan hóp að ræða sem fer með húsbóndavald í umboði ríkisins yfir allfjölmennum hóp manna. Er gert ráð fyrir að hópur þessi verði takmarkaður. Þannig myndu hvorki verslunarstjórar eða skólastjórar almennra skóla falla undir hann.